



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

Fimmtudaginn 6. desember 1979 var 43. fundur haldinn í skólanefnd F.S.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson formaður, Jón Hálmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjargþórsson, Bergmann Þorleifsson, Eggert Ólafsson, Jón Böðvareson, skólameistari og fundarritari.

Þetta var tekið fyrir samkvæmt framlagðri dagskrá:

1. Ráðning skrifstofustjóra.

Þar sem Einar Þórðarson skrifstofumaður hefur látið af störfum, var auglýst eftir manni í stað hans. Þrjár umsóknir bárust. Samþykkt var að ráða Valtý Guðjónsson í starfið.

2. Undirbúningur skólaslita.

Skólameistari ræddi um væntanleg skólaslit haustannar. Samþykkt var að þau skyldu fara fram fimmtudaginn 20. des. n.k. í Glaðheimum í Vogum kl. 17 síðdegis. Á dagskrá verði þar ávarp sr. Braga Friðrikssonar, sóknarprests í Vatnsleysustrandarhreppi, ræða skólameistara, tónlistarflutningur og e.t.v. fleira.

3. Framtíð öldungadeildar skólans.

Áformað mun af hálfu ríkisins að breyta fjárhagsgrunni slíkra deilda þannig, að kostnaður verði framvegis greiddur af ríki að 1/3 hluta, sveitarfélögum að 1/3 hluta og nemendum að 1/3 hluta. Samþykkt var eftir nokkurn rökstuðning að mótmæla þessum áformum að svo komnu og starfa áfram á sama grunni og hingað til.

4. Málefni flugliðadeildar.

Flugmálastjórn hefur tjáð skólameistara, að hún leggi áherslu á að deildin haldi áfram sem verið hefur, - en af henni leiðir nokkurn kostnað. Samþykkt var að halda starfseminni áfram á árinu 1980. Í sambandi við það var samþykkt að skólanefnd skipuleggi og annist innheimtu námsgjalda af nemum sem búsettir eru utan skólasvæðis F.S.

5. Ráðning matráðskonu og gangavarðar.

Vegna breytttrar aðstöðu í rishæð skólans þar sem komið verður fyrir skólaeldhúsi, kennarastofu o.fl., var samþykkt að ráða að hluta í starf við skólaeldhúsið og til gangavörslu en það er þegar ráðgert og samþykkt í fjárhagsáætlun skólans. Auglýst verði eftir umsóknum um þessi störf.

6. Bréf nemendafélags F.S.

varðandi fulltrúasess á fundum skólanefndar.

Lesin voru nokkur bréf frá félagssamtökum nemenda um þetta m.a. frá 8.11 og 13.11 s.l. svo og um "skólastjórn", þar sem gert er ráð fyrir allmikilli breytingu í stjórnun í heild frá því sem nú er. Skólameistari skýrði málin og benti á að til eru margar reglugerðir um hina ýmsu skóla þar sem stjórnunarþátta nemenda er mjög mismunandi. Taldi hann breytingar ekki tímabærar fyrr en sett hafa verið lög um framhaldsskólastigið í heild. Skólanefnd féllst á sjónarmið skólameistara en samþykkti að heimila nemendum að senda áheyrnarfulltrúa á fundi skólanefndar eftir sömu reglum og þeim sem gilda um áheyrnarfulltrúa kennara.

7. Önnur mál.

- a) Tillaga bæjarstjórnar Keflavíkur frá 6. nóvember s.l. um að Reykjavíkurborg greiði til F.S. skólagjald vegna nemenda þaðan. Skólanefnd telur þetta eðlilegt og vísar til 4. liðar fundarins hér að framan.
- b) Lesið bréf fram fulltrúum Iðnsveinafélags Suðurnesja, Meistarafélagi byggingamanna á Suðurnesjum og Iðnaðarmannafélags Suðurnesja þar sem lýst er stuðningi við F.S. varðandi kennslu á trésmíðabraut og bendið á að ef kennt yrði eftir námsskrám og reglum sem Iðnfræðsluráð hefur sett telji þeir mjög eðlilegt að F.S. efli iðnfræðsluna eftir föngum. Skólameistari og aðstoðar-skólameistara hafa þegar sett fund með fulltrúum áðurnefndra félaga um þessi mál, svo og með fagkennurum og áformað að halda slíka fundi framvegis tvísvar á ári.

- c) Tækjavörður skólans, Sigurður Erlendsson hafði forgöngu um kaup á kvikmyndasýningavél fyrir skólann að verðmæti tæpar 900 þús. kr. Til þess að kaupin gæti gerst hefur eitt verkalyðsfélag á Suðurnesjum gefið til kaupanna kr. 5.000.- og færir skólameistari og skólanefnd aðilum þakkir fyrir.
- d) Skólameistari fór nokkrum orðum um nauðsyn þess að bókasafn skólans verði eftt að mun. Taldi hann nauðsynlegt að kaupa ýmis heimilda- og uppsláttarrit um margvísleg efni, bæði fyrir nemendur og kennara. Benti hann á ýmsar leiðir til þess, sem kynnu að vera færar án stórfellds kostnaðar og hvatti til aðgerða. Samþykkt var að verja til þessa tveim milljónum króna nú þegar.
- e) Skólameistari bauð að lokum nefndarmönnum að skoða innréttingar í rishæð skólahússins svo og bókasafnið og búnað þess.

Ath.
Ranga
tölur
73

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson

Valtýr Guðjónsson
fundarritari.